

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna íbúðarbyggðar (ÍB-801), Lækjarbakka-Steinaborgar, Skagafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. apríl 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skagafjarðar 13. desember 2023.

Í breytingunni felst rýmkun byggingarheimilda þar sem íbúðum fjölgar um 5 og verða 24 íbúðir heimilaðar í íbúðarbyggð ÍB-801 innan þéttbýlisins Steinsstaða.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. apríl 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2024